



Skógræktarfélag Reykjavíkur

# Ársskýrsla

## Skógræktarfélags Reykjavíkur 2011



Skógræktarfélag Reykjavíkur  
Elliðavatni  
110 Reykjavík  
Sími: 564-1770

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Lykiltölur .....	4
Félagsmál .....	5
Starfsmenn .....	6
Rekstrartekjur.....	7
Gróðursetningar .....	8
Jólatré.....	9
Heiðmörk .....	10
Vormarkaður .....	16
Jólamarkaður.....	16
Borgartré .....	17
Esja.....	18
Reynivellir.....	19
Fellsmörk .....	19
Atvinnuáttak.....	20
Fræðslu- og kynningarmál .....	21
Náttúruskóli Reykjavíkur.....	22
Samstarfs- og styrktaraðilar .....	23
Skýrsla stjórnar á aðalfundi .....	24

### Höfundar

Helena Óladóttir  
Helgi Gíslason  
Kjartan J. Kárason  
Kristján Bjarnason  
Ólafur E. Ólafsson  
Sigurjón Eyjólfsson  
Þröstur Ólafsson

### Umsjón

Kristján Bjarnason

### Próförk og aðstoð við uppsetningu

Ragnhildur Freysteinsdóttir

### Prentun

Pixel prentþjónusta

### Ljósmyndir

Helena Óladóttir  
Hjalti Elíasson  
Kristján Bjarnason  
Stephen Messenger

Forsíða: Tilnefnt Borgartré – KB  
Bls. 12: Esja – KB.  
Bls. 14: Viðarkljúfur –KB  
Bls. 16: Jólamarkaður – KB.  
Bls. 17: Borgartré 2011 – KB

Bls. 18: Leikskólabörn í Esju – KB  
Bls. 19: Fellsmörk – HE.  
Bls. 21: Heiðmörk – KB  
Bls. 22: Náttúruskólinn – HÓ.  
Bls. 27: Rua Gonçalo de Carvalho í  
Porto Alegre, Brasilíu – SM.

---

## Inngangur

Á árinu var gengið frá afar mikilvægri viljayfirlýsingu á milli Skógræktarfélagsins, Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur sem miðar að því að tryggja rekstrarumhverfi Heiðmerkur til langs tíma. Þá var einnig í bili eytt ákveðinni óvissu varðandi stöðu félagsins á Elliðavatsonsbænum og gerður þjónustusamningur við Orkuveitu Reykjavíkur til ársloka 2012.

Í nóvember hóf félagið vinnu við stefnumótun til 10 ára og fékk Reyni Kristinsson ráðgjafa til að stýra þeirri vinnu. Gert er ráð fyrir að henni ljúki 2012.

Ráðist var í myndarlegt atvinnuáttak í samstarfi við Reykjavíkurborg, Garðabæ og Skógræktarfélag Íslands með aðkomu Innanríkisráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Unnið var að fjölbreyttum umhverfisverkefnum í Heiðmörk og Esjuhlíðum.

Landsvirkjun studdi við rekstur Heiðmerkur með því að leggja til hóp ungmenna sem unnu að umhirðu og viðhaldi útivistarsvæðisins og gróðursetningum. Þessi stuðningur Landsvirkjunar í fjöldamörg ár hefur reynst félaginu ómetanleg hjálp við rekstur svæðisins.

Pokasjóður veitti 2,5 m.kr. styrk til Esjustígs og Landgræðslusjóður veitti 1,4 m.kr. styrk til skógræktarverkefna í Esjuhlíðum og Heiðmörk. Fjölmargir aðrir veittu félaginu stuðning og er þeirra getið sérstaklega í ársskýrslunni síðar.

Mjög alvarleg vandamál hafa verið í Fellsmörk tengd hlaupum í Klifanda og Hafursá. Þar hafði varnargörðum skolað í burtu. Í nóvember var ráðist í stórfellda uppbyggingu varnargarða við Hafursá og annaðist Suðurverk framkvæmdina. Uppbygging varnargarða við Klifanda bíður.

Keyptur var fullkomin eldiviðakljúfur sl. vor og hafin af krafti framleiðsla á eldivið úr furuskógum Heiðmerkur og má nú víða sjá eldiviðinn til sölu í verslunum.

Þá var samstarf við Yrkju við að taka á móti hátt í fimm hundruð grunnskólanemum borgarinnar og unnu þau að gróðursetningu trjáplantna í Esjuhlíðum á haustdögum.

Á Menningarnótt útnefndi borgarstjóri í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur Borgartréð 2011 og var að þessu sinni valið gamalt og glæsilegt evrúpulerki í kirkjugarðinum við Suðurgötu.

**Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri.**

## Lykiltölur

	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ársverk samtals	16,2	17,1	18,0	23,8	16,5	17,8
<i>Félags- og fræðslustarf</i>						
Félagar (í árslok)	1.262	1.242	1.174	1.169	1.176	1.172
Fræðsluerindi	9	6	17	23	17	6
Þátttakendur í fræðslu - áætlað	495	150	630	690	800	400
Viðburðir og móttökur	6	7	12	6	10	5
Barnastundir		10	30	30	30	30
Þátttakendur í viðb. og mótt.- áætlað	5.000	9.000	14.980	11.000	12.000	10.000
<i>Landnemar og sjálfboðaliðar</i>						
Heiðmörk	132	135	138	140	140	140
Esjuhlíðar	2	2	2	2	2	2
Fellsmörk	42	42	42	37	37	37
<b>Samtals</b>	<b>176</b>	<b>179</b>	<b>182</b>	<b>197</b>	<b>197</b>	<b>179</b>
Móttaka landnemahópa			25	21	24	20
Fjöldi landnema við gróðursetningu			300	250	480	300
Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningu			2	2	1	1
Fjöldi þátt. við gróðursetningu fyrirt.			60	60	60	60
Skólanemar, frætísla og sáning, gróðursett með Yrkju			344	0	0	420
<i>Skógræktarframkvæmdir</i>						
Gróðursettar plöntur	105.834	138.074	249.959	190.315	99.772	89.104
Nýir stígar (km)	0,0	2,7	0,0	0,5	0,0	0,4
Áburðargjöf (tonn)	2,0	3,0	3,0	0,5	1,5	2,0
Grisjun (ha)	5,0	9,0	6,2	4,5	4,8	4,6
Seld jólatré (stk.)	1.224	1.884	2.990	2.404	2.487	1.689
Trjáskur (laus m <sup>3</sup> )	30	39	60	100	70	85
Bolviður (fastur m <sup>3</sup> )			165	35	85	5
Eldiviður (fastur m <sup>3</sup> ) *frá 2011: fjöldi poka			2	6	19	3.771*
<i>Rekstrareiningar:</i>						
Heiðmörk 32 km <sup>2</sup> , Fellsmörk, Esjuhlíðar 10 km <sup>2</sup> , Reynivellir, Elliðavatnsbærinn 363,5 m <sup>2</sup> , Fræðslusetur við Elliðavatn (eldri byggingar) 148,6 m <sup>2</sup> , vélaskemma við Elliðavatn 422,4 m <sup>2</sup> .						
Stígar (km)	39,2	39,2	41,9	42,4	42,4	42,8
Viðhald stíga (km) <small>(nýr liður 2010)</small>					0,5	1,5
Áningarstaðir	9	9	10	10	10	10
Borð og bekkir	30	40	40	40	35	30
Salerni	4	4	3	0	0	0
Ruslakassar	20	20	20	20	15	15
Grill	12	12	13	13	13	13
Esjuhlíðar, ný skilti	6	0	0	0	1	0
Heiðmörk, ný skilti	36	18	67	6	0	0
<i>Vélar og tæki:</i>						
Bílar (2), dráttarvél, útdráttarspil, sláttutraktor, snjósléði, sexhjól.						
Kerrur og vagnar		5	5	5	4	4
Keðjusagir		4	4	4	3	5
Skógarútkeyrsluvél					1	1
Eldiviðarkljúfur						1

---

## Félagsmál

### Félagatal

Fjöldi félaga í lok ársins var 1.172. Af skrá voru teknir 39 en 19 bættust við.

### Stjórn

Formaður:	Þróstur Ólafsson
Varaformaður:	Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ritari:	Lilja Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Auður Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Árni Bragason (lét af störfum á árinu) Gunnlaugur Claessen Inga Rósa Þórðardóttir Ólafur Sigurðsson Sigurður G. Tómasson

### Varastjórn

Hjalti Elíasson  
Kristín Eiríksdóttir  
Þorsteinn Tómasson

### Skoðunarmenn

Aðalmenn:	Sveinbjörn Dagfinnsson Þorvaldur S. Þorvaldsson
Varamenn:	Karl Eiríksson Sturla Snorrason
Endurskoðandi:	Einar Hafliði Einarsson

### Samþykkt á aðalfundi

Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur haldinn í Háskóla Íslands þann 13. apríl 2011 samþykkir að skora á borgaryfirvöld að endurnýja strax samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um rekstur og umsjón Heiðmerkur. Síðastliðin sjö ár hefur félagið reynt að fá samninginn endurnýjaðan með góðum vilja ýmissa meirihluta borgarstjórnar, en aldrei hefur tekist að ljúka þeim samningum. Því er nú skorað á borgarstjórn að ganga í þetta verk með Skógræktarfélaginu og ljúka því hið fyrsta. Í mörg ár hefur verið halli á rekstri Heiðmerkur sem skýrist af lækkandi framlögum borgarinnar til rekstursins, jafnframt því að fjöldinn sem nýtir svæðið til útivistar hefur stórukist. Þessum halla hefur verið velt yfir á Skógræktarfélagið. Á þessu verður að finna viðhlítandi lausn til lengri tíma, sem báðir samningsaðilar geta vel við unað.

---

## Starfsmenn

Eftirtaldir voru fastráðnir starfsmenn félagsins:

Helgi Gíslason	Framkvæmdastjóri
Jökull Guðmundsson	Skógarmaður
Kristján Bjarnason	Verkefnisstjóri
Ólafur E. Ólafsson	Skógarvörður
Stephen Patrick Lockhart	Skógarmaður
Svavar Sigurðarson	Ræstingar

## Skipting ársverka

	2008		2009		2010		2011	
	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk
Starfsmenn félagsins	15	7,5	12	6,0	5	5,0	5	4,7
Vinnuskólinn	55	5,1	50	4,6	50	4,6	15	1,3
Landsvirkjun	15	3,9	18	4,7	18	4,7	18	4,7
British volunteers	5	1,5	5	0,8	5	0,8	5	0,2
Atvinnuáttak			79	7,2	23	1,3	43	6,4
Grænu skrefin			5	0,5	1	0,1	0	0
Landnemar					540	0,5	360	0,3
Störf á jólavertíð					14	0,2	14	0,2
<b>Samtals</b>	<b>90</b>	<b>18,0</b>	<b>169</b>	<b>23,8</b>	<b>656</b>	<b>18,2</b>	<b>461</b>	<b>17,8</b>


## Rekstrartekjur

	2011	2010
<b>Framlög og sérverkefni</b>		
Reykjavíkurborg, þjónustusamningur - Heiðmörk .....	16.449.178	16.448.988
Reykjavíkurborg, þjónustusamningur - fræðslumál .....	5.837.582	5.822.520
Orkuveita Reykjavíkur, samningur .....	6.449.991	6.500.004
Garðabær, vegna Heiðmerkur .....	1.000.000	1.000.000
	<hr/>	<hr/>
	29.736.751	29.771.512
	<hr/>	<hr/>
Félagsgjöld*.....	1.536.600	1.449.762
	<hr/>	<hr/>
<b>Seldar vörur og þjónusta:</b>		
Jólamarkaður, jólatré .....	11.109.974	13.580.371
Kostnaður vegna jólamarkaðar .....	(1.509.777)	(3.196.994)
Viðarkurl, grill, flaggstangir o.fl. ....	5.807.629	2.162.774
	<hr/>	<hr/>
	15.407.826	12.546.151
	<hr/>	<hr/>
<b>Leigutekjur:</b>		
Fellsmörk .....	1.134.908	1.554.264
Afskrifuð leiga - Fellsmörk .....	0	(396.365)
Leiga herbergis - Elliðavatn .....	1.033.292	834.491
Leigutekjur af sal .....	155.376	145.019
Útleiga áningastaða í Heiðmörk .....	69.322	189.640
	<hr/>	<hr/>
	2.392.898	2.327.049
	<hr/>	<hr/>
<b>Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna:</b>		
Umhverfissjóður verslunar .....	2.500.000	3.500.000
Reykjavíkurborg vegna grisjunar, Heiðmörk .....	2.700.000	2.700.000
Reykjavíkurborg vegna stígagerðar, Esja .....	1.600.000	1.600.000
Skógræktarfélag Íslands .....	6.629.372	0
Landgræðslusjóður .....	1.650.000	0
Landgræðsla Ríkisins .....	1.000.000	0
Pálslundur .....	500.000	0
Virknisverkefni .....	0	899.040
Reykjavíkurborg, Grænu skrefin .....	0	5.000.000
Akstur .....	88.338	11.000
Söluhagnaður fastafjármuna .....	602.113	0
Aðrir styrkir og tekjur .....	131.873	141.440
	<hr/>	<hr/>
	17.401.696	13.851.480
	<hr/>	<hr/>
	<b>66.475.771</b>	<b>59.945.954</b>

\* Félagsgjald ársins var kr. 2.000, félagar sem greiddu félagsgjald voru 769.

## Gróðursetningar

Gróðursetning 2011							
Tegund	Heiðmörk	Esja	Fellsmörk	Reynivellir	Úlfarsfell	Landnemar Heiðmörk	Samtals
Birki		5.504	7.035			144	<b>12.683</b>
Blágreini							
Sitkagreni/bast.	30.680	1.240	1.200			240	<b>33.360</b>
Stafafura	23.155	2.975				234	<b>26.364</b>
Rússalerki							
Evrópulerki		2.720	464				<b>3.184</b>
Rauðgreini							
Jörfaviðir	400		464				<b>864</b>
Loðvíðir							
Alaskaviðir	600		464				<b>1.064</b>
Gulvíðir			464				<b>464</b>
Reyniviður	4.500	745				404	<b>5.649</b>
Alaskaösp	4.725	350				397	<b>5.472</b>
<b>Samtals</b>	<b>64.060</b>	<b>13.534</b>	<b>10.091</b>			<b>1.419</b>	<b>89.104</b>





## Jólatré

Jólatré –sala	2008	2009	2010	2011
Heildsala	805	319	253	0
Jólaskógur	1.580	1.330	936	941
Tröpputré í Jólaskógi			35	0
Torgtré	25	25	9	10
Skólatré	19	15	13	12
Leikskólatré	7	5	6	8
Veggtré	99	56	59	30
Tröpputré í heildsölu			96	121
Tröpputré, Elliðavatni	116	254	270	226
Jólatré, Elliðavatni	339	400	371	341
Jólatré, Kaupþúni			402	0
Tröpputré, Kaupþúni			37	0
<b>Samtals</b>	<b>2.990</b>	<b>2.404</b>	<b>2.487</b>	<b>1.689</b>

Jólatré –tegundir 2011	Stafaf.	Blágr.	Rauðgr.	Sitkagr.	Fjallap.	Lindif	Samtals
Heildsala							<b>0</b>
Jólaskógur	620			321			<b>941</b>
Tröpputré í Jólaskógi							<b>0</b>
Tröpputré, heildsala	121						<b>121</b>
Torgtré				10			<b>10</b>
Skólatré				12			<b>12</b>
Leikskólatré	8						<b>8</b>
Veggtré			30				<b>30</b>
Tröpputré, Elliðavatni	226						<b>226</b>
Jólatré, Elliðavatni	238	48	26	17	12		<b>341</b>
Jólatré, Kaupþúni							<b>0</b>
Tröpputré, Kaupþúni							<b>0</b>
<b>Samtals</b>	<b>1.213</b>	<b>48</b>	<b>56</b>	<b>360</b>	<b>12</b>	<b>0</b>	<b>1.689</b>

---

## Heiðmörk

Greinargerð Ólafs E. Ólafssonar, skógarvarðar.

Verkefni	Ársverk
Stjórnun	0,5
Grisjun og umhirða	2,5
Fræðsla	0,8
Atvinnuáttak o.fl.	5,0
Vinnuskólinn	1,3
Landsvirkjun	4,7
Sjálfbóðaliðar	0,0
Landnemar	0,4
<b>Samtals</b>	<b>15,2</b>

### Starfsmannahald

Starfsemi vinnuflokksins var með hefðbundnu sniði á árinu. Starfsmenn voru Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður, Jökull Guðmundsson og Stephen Lockhart skógarmenn. Stephen var sagt upp störfum á árinu og eru honum þökuð vel unnin störf. Ólafur fór í fæðingarorlof frá 1. maí til 8. ágúst og sinnti Jökull Guðmundsson hans störfum á meðan. 15 unglingar voru um sumarið á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur og um 18 unglingar á vegum Landsvirkjunar.

Á undanförunum árum hefur Vinnuskóli Reykjavíkur komið myndarlega að málum í Heiðmörk og hafa unglingar á hans vegum unnið margt þarfaverkið. Á síðastliðnu sumri störfuðu þau aðallega að snyrtingu umhverfis Elliðavatnsbæinn, við gróðursetningu o.fl.

Einnig er ungt fólk á vegum Landsvirkjunar orðinn snar þáttur í sumarstarfseminni. Síðastliðið sumar unnu þau að ruslahreinsun, gróðursetningu og göngustígum.

Atvinnuáttak í samstarfi Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur var einnig komið á fót og unnu alls 35 manns, aðallega ungt atvinnulaust fólk, að ýmsum störfum í Heiðmörk. Starfstíminn var samtals 2 mánuðir. Unnu þau að gróðursetningum, göngustígagerð o.fl.

Einnig var atvinnuáttak í Vífilsstaðahlíð, samtals 15 manns í 8 vikur við lagfæringu göngustíga og ýmis önnur verkefni.

Í nóvember hófst svo nýtt atvinnuáttaksverkefni sem standa mun fram á vor 2012, þar eru samtals 4 menn sem vinna að grisjun og ýmsum verkefnum í Heiðmörk.

Óbein störf sköpuðust einnig hjá verktökum vegna vinnu á vegum félagsins (jarðvegsverktakar, vélaviðgerðir, flutningaþjónusta, útgáfa og kynning, bókhald, endurskoðun og lögfræðiþjónusta).

## Framkvæmdir

Talsvert var um nýframkvæmdir á árinu. Hæst ber grisjun á um 4,6 ha. skóglendi. Einnig voru gróðursettar um 65.000 plöntur. Einnig var lagt út nýtt bílastæði í Gryludal en þar er nýi Jólaskógurinn við Hjallabraut.

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Grisjun (ha)	2,0	4,5	5,0	9,0	6,2	4,5	4,8	4,6
Gróðurs. (þús. pl.)	115	160	58	70	100	67	76	65
Göngustígar (km)	2,2	3,2	0	0	0	0,5	0	0,4
Viðh. stíga (km)*							0,5	1,5
Áningarstaðir (stk.)	0	2	0	0	1	0	0	0

\*Nýr liður 2010

## Grisjun

Vegna mikillar grisjunarþarfar í skóglendum Heiðmerkur hefur á síðustu árum verið reynt að grisja sem mest. Á árinu voru grisjaðir um 4,8 ha. af bæði stafafuru- og sitkagrenireitum. Stafafuran er nokkuð viðkvæm fyrir því að fá ekki umhirðu sem skyldi. Því hefur verið lögð sérstök áhersla á að grisja unga stafafurureiti en einnig hafa nokkrir eldri fengið að fljóta með. Var grisjunin unnin að stærstu leyti af starfsmönnum félagsins en einnig af starfsmönnum úr sérstöku atvinnuátaksverkefni. Öll útkeyrsla grisjunarviðar var unnin af starfsmönnum félagsins. Þetta efni var að hluta til kurlað niður, u.þ.b. 85 m<sup>3</sup>, einnig voru framleiddir tæplega 4.000 pokar af eldivið. Talsverð aukning hefur orðið í eldiviðarsölu og stefnir félagið á að auka hlutdeild sína á þeim markaði á næstu árum.

Samkvæmt umhirðuáætlun frá 2002 voru um 70 hektarar í brýnni þörf fyrir grisjun en vegna blíðrar veðráttu undanfarin ár hefur vöxtur trjágróðurs verið með miklum eindæmum og hefur því fjöldi hektara í brýnni grisjunarþörf aukist mjög, má varlega áætla að sú tala sé komin vel yfir 100 ha. Þar sem Heiðmörk er helsta útivistarsvæði höfuðborgarbúa þá er lögð á það rík áhersla að öll grisjun stuðli að fjölbreyttari skógarlundum og auðveldara aðgengi um skógana. Nokkur dæmi eru um að grisjunarmenn hafi rekist á óvæntar trjátegundir, eins og fjallapöll og rússalerki, á kafi inni í sitkagreni- og stafafurureitum. Er þá reynt eftir fremsta megni að skapa þessum trjám sem best vaxtarskilyrði, höggvið vel frá þeim og almennt passað upp á þau. Í framtíðinni geta nokkur slík tré skapað mikla fjölbreytni í annars einsleitum trjáreitum.

## Gróðursetning

Gróðursettar voru um 65.500 plöntur úr Landgræðsluskógaverkefninu. Algengast var stafafura, sitkagreni, reyniviður og ösp. Voru þessar plöntur gróðursettar að mestu leyti af vinnuflokki Landsvirkjunar og fólki úr atvinnuátakinu.

## Göngustígagerð

Göngustígakerfið í Heiðmörk er í dag um 42 km. Liggja flestir göngustígarnir í þéttum eldri reitum og eru greinar trjánna víða farnar að vaxa vel inn á göngustígana. Fyrir um tveimur árum var ákveðið að samhliða endurbótum á göngustígum yrðu kvistuð upp þau tré sem næst þeim standa. Trén sem standa næst göngustígnum eru þá tekin og af þeim sagaðar allar greinar upp í riflega tveggja metra hæð. Aðgerð sem þessi hefur margþætt áhrif. Meira berst af sólarljósi niður á göngustígana, sérstaklega að sumri til. Við það hækkar bæði hitastig og birtan eykst. Ef vonir okkar ganga eftir mun þetta skapa ýmsum villtum blómplöntum aðstæður til að festa rætur í nágrenni stíganna sem skapar þá fallelgri skóg. Einnig hefur það sýnt sig að þessir stígar eru mun betri til gönguskíðaiðkunar á veturnum. Sökum þess að þarna myndast lítil opna í samfelldum skógi safnast mun meiri snjór á þá sem er auðvelt að troða niður og búa þar með til skemmtilegar skíðagöngubrautir. Við þessa uppkvistun eykst líka útsýni göngufólks inn í skóginn. Í stað þess að ganga meðfram iðjagrænum skógarvegg sér fólk nú greinilega inn í skóginn, með öðrum orðum, þá sér fólk trén fyrir skóginum. Á næstu árum verður vinnu við þetta fram haldið þar sem skógurinn er víða farinn að þrengja að göngustígnum. Var töluverð vinna lögð í þetta sumarið 2011 og klippt og sagað víða frá stígum.

Einnig var lagður nýr göngustígur inn í Grýludal, um 200 metrar, og haldið var áfram við skíðagöngustíginn sem þokast áfram og voru það einnig um 200 metrar.



## Vífilsstaðahlíð

Áningarstaðurinn í Vífilsstaðahlíð er einna mest notaður í Heiðmörk og hreinsa starfsmenn félagsins þar rusl allt að þrisvar sinnum í viku á sumrin, grill eru hreinsuð, sópað og slegið gras. Erfiðlega hefur gengið að halda borðum og bekkjum í heilu lagi í Vífilsstaðahlíðinni þar sem iðulega er kveikt í öllu slíku.

Borið var á og gróðursettar 5.000 trjáplöntur í Hjalladal, stafafura og sitkagreni. Grisjun í Vífilsstaðahlíðinni er orðið mjög aðkallandi verkefni og verður vonandi hægt að sinna því á næstu árum. Í Vífilsstaðahlíðinni starfaði einnig fólk í atvinnuátaksverkefni.

## Sorphirða

Eins og undanfarin ár sinntu fastir starfsmenn ásamt ungmennum úr Landsvirkjunarhópnum allri almennri ruslahreinsun í Heiðmörk. Ljóst er að mikilli fjölgun gesta á síðustu árum í Heiðmörk fylgir mikið rusl sem þarf að hreinsa. Víðs vegar í Heiðmörk eru ruslakassar sem flestir nota en þó eru alltaf einhverjir sem finna sig knúna til að láta sitt eftir liggja þar sem þeir standa. Hefur þetta vandamál vaxið, sérstaklega eftir að byggðin nálgast Heiðmörkina. Öll grillaðstaða á áningarstöðum er hreinsuð reglulega á blíðviðrísköflum, jafnvel daglega. Er þetta mikið verk þar sem áningarstöðum hefur verið fjölgað og notkun þeirra stóraukist á síðustu árum í kjölfar fjölgunar gesta. Bein skemmdarstarfsemi virðist einnig hafa aukist með fjölgun gesta og hefur borið nokkuð á því að einstaka gestir hafa skeytt skapi sínu á ruslakössunum. Reynslan er sú að góð ruslaaðstaða bætir mjög alla umgengni. Einnig léttir þetta til muna vinnu starfsmanna í Heiðmörk því mjög mikill tími og orka fer í að halda svæðinu hreinu.

## Áningarstaðir

Alls eru tíu skipulagðir áningarstaðir í Heiðmörk. Á hverjum stað er eitt eða fleiri steingrill ásamt borðum og bekkjum. Við þessa áningarstaði eru líka ruslatunnur eða ruslaskýli. Grasflatir á áningarstöðum þurfa sitt viðhald; á þær er borið reglulega og þær slegnar aðra hverja viku til að halda þeim grænum og fallegum. Það verður æ erfiðara á mest sóttu áningarstöðunum vegna ágangs, einkum þó í Furulundi. Hann er vinsælasti áningarstaðurinn í Heiðmörk, bæði vegna leiktækjanna og blakvallarins sem þar er, en einnig sökum þess að hann er einna best kynntur í gegnum grunnskóla höfuðborgarsvæðisins sem sækja hann mjög mikið bæði á vorin og haustin í grillferðum yngstu barnanna.

## Vélar og lausamunir

Viðhaldi á vélum og lausamunum var sinnt eftir þörfum. Stærsta hlutann af því viðhaldi þurfti að vinna á sérhæfðum verkstæðum. Ljóst er að ástand veganna í Heiðmörk er einn af stærstu orsakapáttum þeirra bilana sem verða á traktor og bílum; hafa þessar bilanir ágerst með árunum enda æ oftast sem vegirnir eru í mjög lélegu ástandi og minna oft meira á skógarlóða heldur en vegi til almenns aksturs. Við látlausan akstur á holóttum vegum slitna tæki og tól mun meira en eðlilegt getur talist og er þetta farið að kosta félagið upphæðir sem verulega munar um. Vonandi sjá

menn að sér svo vegir og bílastæði í Heiðmörk verði byggð upp til samræmis við það sem eðlilegt getur talist á svæði sem hundruð þúsunda gesta heimsækja árlega.



### Ný tæki og búnaður

Árið 2010 var keypt til félagsins sérhæfð skógarútkeyrsluvél og í ársbyrjun 2011 traktorsdrifinn eldiviðarkljúfur. Bæði tækin hafa reynst afbragðs vel og hafa starfsmenn náð góðum tókum á þurrkun eldiviðar. Í fyrstu var notast við rafmagn til þurrkunar, en síðari hluta ársins var fjárfest í dýrindis kamínu sem nýtir allan afgangsvið frá eldiviðarframleiðslunni til þurrkunar á söluviðnum. Hefur þetta gengið vel.

### Seldar afurðir

Viðarafurðir seldar úr Heiðmörk	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Trjákurll (sekkir m <sup>3</sup> )	35	30	39	60	100	70	85
Bolviður (fastur m <sup>3</sup> )	0	0	0	165	35	85	5
Eldiviður (m <sup>3</sup> )/(frá og með 2011 er mælt í pokum.)	0	0	0	2	6	19	3.771

## **Jólaskógurinn í Grýludal**

Á undanförunum árum hafa jólatré og ýmiss undirbúningur fyrir hátíðarnar orðið æ stærri þáttur í starfsemi félagsins. Engin jólatré voru seld í heildsölu þetta árið heldur aðeins seld tré á Jólamarkaðnum á Elliðavatni og í Jólaskóginum í Grýludal. Sala á stærri trjám til sveitarfélaga og stofnana á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist nokkuð og vonandi mun takast að stækka hlutdeild félagsins á þessum markaði, því söluhæfum trjám í Heiðmörk hefur fjölgað og með hverju ári er hægt að bjóða hærri tré.

Í nokkur ár hefur félagið boðið almenningi að koma og heimsækja okkur í Heiðmörk síðustu helgarnar fyrir jólin og höggva sitt eigið jólatré. Hefur það notið sívaxandi vinsælda enda um mjög skemmtilega samverustund fjölskyldunnar að ræða. Fyrir jólin 2011 komu milli 5.000 og 6.000 manns, bæði börn og fullorðnir, en alls seldust rúmlega 940 tré með þessum hætti. Mjög skemmtilegt er að sjá heilu „ættartrén“ koma og njóta þess að ganga um skóginn og velja sér tré. Alla dagana bauð félagið upp á heitt kakó og piparkökur að loknu jólatrjáahöggi, auk þess sem jólasveinar voru á svæðinu og skemmtu börnum og fullorðnum. Ekki er hægt að segja annað en mikil og skemmtileg jólastemning hafi ríkt allan tímann í Grýludal. Er það ljóst að þessi síður er orðinn að hefð hjá mörgum fjölskyldum enda vandaverk að velja rétta jólatréð. Önnur skógræktarfélag og skógræktendur hafa einnig haldið úti svipaðri starfsemi fyrir jólin og má því gera ráð fyrir að einhverjar þúsundir trjáa hafi verið felld með þessum hætti fyrir síðustu jól.

Nýi Jólaskógurinn í Grýludal sinnti þörfum gesta mjög vel og mæltist vel fyrir hjá gestum að færa sig milli staða. Að öllum líkindum mun Grýludalur geta sinnt þörfum jólaskógargesta í þau ár sem Hjalladalurinn þarf hvíld.

Mikill fjöldi trjáa af ýmsum tegundum (stafafura, rauðgreni, blágreni og sitkagreni) hafa verið gróðursett síðastliðin ár og eru víða farin að skjóta upp kollinum. Í janúar og febrúar var unnið að því að höggva upp skápa í Hjalladal eins og undanfarin ár, um sumarið unnu síðan Landsvirkjunarunglingar að því að gróðursetja í skápana. Einnig var borinn áburður á plöntur sem höfðu verið gróðursettar árin á undan og eru þær nú komnar í góðan vöxt, þannig að ekki er langt að bíða þar til þarna rís að nýju víðáttumikill jólatrjáaskógur.

## **Landnemar**

Landnemastarfið var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Alls eru skráðar 20 heimsóknir landnema á árinu, í skoðunar- og kynnisferðir, til að gróðursetja og gera sér glaðan dag. Sumir hafa einnig sinnt stígagerð og grisjað og komið fyrir bekkjum og bordum í sínum reitum. Félagið minnir á að fundaraðstaða er landnemunum að kostnaðarlausu í Gamla salnum og eru þeir alltaf velkomnir til skrafs og ráðagerða heim á bæ.

## **Bærinn á Elliðavatni**

Skrifstofur Skógræktarfélagsins eru á Elliðavatni auk þess eru þar herbergi leigð til ýmissa nota, meðal annars Avanika – Kristbjörg ehf. og vetrarskrifstofur Náttúrurannsóknarstöðvarinnar á Mývatni. Gamli salurinn er leigður undir fundi, námskeið og samkomur af ýmsu tagi og nýtist einnig vel á Jóla- og Vormarkaði.

---

## Vormarkaður

Vormarkaður á Elliðavatni var haldinn 13.-15. maí. Félag trérennismiða stóð fyrir sýningu félagsmanna á renndum gripum í Gamla salnum, auk þess sem þeir voru með sýnikennslu úti undir vegg alla dagana og eldsmiðurinn Bjarni Þór Kristjánsson sýndi listir sínar. Hestaleiga var opin þar sem teymt var undir börnum í gerði við bæinn. Fuglavernd kynnti starfsemi sína og bauð upp á leiðsögn í fuglaskoðun á bökkum vatnsins. Ferðafélag Íslands var með göngu í Skógarhlíðarkrika. Gámapjónustan bauð upp á ókeypis moltu og Skógræktarfélagið seldi hnausplöntur, bolvið, eldivið og kurl. Kennd var stafganga og listin að kasta flugu. Ásatrúarmenn fögnuðu gróandanum og héldu Vorblót að Vatni og var það öllum opið. Og kaffistofan í Gamla salnum var starfrækt, að þessu sinni á vegum trérennismiða.



---

## Jólamarkaður

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni var haldinn í fimmta sinn, fjórar helgar fyrir jól. Leiðin að bænum var merkt með skiltum og logandi ljósum og fáni félagsins blakti við hún. Aðsókn að markaðnum var mjög góð. Íslenskt handverk var til sölu auk þess sem góðgerðasamtök fengu aðstöðu til sölu og kynninga og að sjálfsögðu var sala á eldivið, tröpputrjám og jólatrjám úr skógum félagsins. Þá var starfrækt hestaleiga og teymt undir börnum í hestagerði skammt frá bænum. Kaffihúsið var í Gamla salnum og menningunni sinnt þar á ýmsan hátt, með myndlistarsýningu, upplestrum og tónlistarflutningi.





---

## Borgartré

Borgartré var valið öðru sinni í samstarfi við Reykjavíkurborg. Verkefnið er þannig vaxið að félagið og garðyrkjustjóri, fyrir hönd borgarinnar, tilnefna árlega eitt tré í borginni. Tilgangurinn er að vekja athygli á sérstöku tré sem nauðsynlegt þykir að varðveita og hlúa að í framtíðinni. Til greina geta komið tré af ýmsum ástæðum; vegna sögu sinnar, útlits, staðsetningar, tegundar o.fl. Með tilnefningunni fylgja upplýsingar um sögu viðkomandi trés og nýjar mælingar á því á sama tíma og borgarbúar eru hvattir til að rækta fleiri tré sömu tegundar þar sem við á.

Borgartré ársins 2011 var evrópulerki (*Larix decidua*) í Hólavallagarði. Það er um 10 metrar á hæð og 80 ára gamalt. Ummál stofns við jörðu er 2,5 m og þvermál krónu um 15 m. Krónan er gríðarmikil og hvílir á tveimur íturvöxnum stofnum og setur mikinn svip á stórt svæði í kirkjugarðinum. Tréð er dæmi um hvernig bestu götu- og torgtré geta litið út í borgarmyndinni.

Borgarstjóri tilnefndi tréð við athöfn sem var hluti af dagskrá Menningarnætur laugardaginn 20. ágúst. Leikið var á flautu og ávörp flutt að viðstöddu fjölmenni.



## Esja

Hópur ungmenna í atvinnuátaki kom til liðs við félagið og var unnið að endurbótum á göngustígnum upp á Þverfellshorn og eins voru gróðursett tré upp af Þvergili og á austursvæðinu nær Kistufelli og þá sem íbætur í gróðursetninguna frá 2006. Þá voru lagfærðir skógarstígar ofan við bílastæðið við Kollafjörð, en Kvíabrekka, eins og staðurinn heitir, er orðið skemmtilegt útivistarsvæði með flóknu neti göngustíga. Þarna væri hætt á að villast í skóginum, ef ekki væri hinn stöðugi umferðarniður frá Þjóðveginum. Brúin yfir Mógilsá var líka máluð og dyttað að upplýsingaskiltum. Sjálfboðaliðar frá samtökunum British volunteers komu til starfa í lok sumars og unnu einnig við áðurnefndan aðalstíg. Vatsnveðrun er sem kunnugt er mikil á þessum slóðum, það skolest töluvert úr stígnum og því mikið verk að halda honum í viðunandi horfi. Vinna við stígagerð í Einarsmýri hélt einnig áfram, en sækist seint eins og nærri má geta þegar unnið er í 500 metra hæð og tjaldbúðir niðri við sjávarmál. Fjallgöngumenn sem kalla sig Brautryðjendur héldu áfram að lagfæra göngustíginn undir klettum Þverfells, færa til grjótt og afmarka betur en verið hefur. Var þetta gert með stuðningi félagsins og velþóknun. Vinnuslóðinn í Esjuhlíðum er illa farinn og á mörkum þess að vera akfær og er brýn þörf á að hann verði lagfærður, svo fremi sem þarna á að vera einhver uppbygging áfram.

Gróðursettar voru 13.534 plöntur í Esju að þessu sinni. Verkið unnu starfsmenn í atvinnuátaki, landnemar og nemendur í grunnskólum borgarinnar, sem hluti af Yrkjuverkefninu; á annan tug skóla og hundruð nemenda gróðursettu birki í hlíðum fjallsins, mest í slakkanum ofan við Þvergil.

Hinn árlegi Esjudagur Ferðafélags Íslands og Skógræktarfélagins var haldinn 28. ágúst með tilheyrandi fjallgöngum, kappgöngum og gleðskap við Esjustofu. Starfsmaður félagsins leiddi göngu um neðri hlíðar fjallsins og trjásafnið á Mógilsá.

---

## Reynivellir

Á Reynivöllum í Kjós fór fram girðingarvinna og áburðardreifing, aðallega á uppvoxandi rauðgreni. Jólatré voru sótt þangað á aðventunni eins og undanfarin ár; rauðgreni, blágreni, stafafura og smávegis af fjallapín.



---

## Fellsmörk

Eins og kunnugt er hafa alvarleg vandamál steðjað að Fellsmörk sem tengjast landbroti og rofi varnargarða við Hafursá og Klifanda. Í lok ársins var því ráðist í stórfellda uppbyggingu varnargarða við Hafursá og annaðist Suðurverk framkvæmdina. Skógræktarfélagið lagði rúmar fimm milljónir króna í verkið. Uppbygging varnargarða við Klifanda bíður hins vegar seinni tíma.

**Úr pistli Sigurjóns Eyjólfssonar, umsjónarmanns og Kjartans J. Kárasonar, formanns Félags landnema á Fellsmörk.**

Á Felli var vegurinn lagfærður og valtaður. Sett var upp ný girðing við Klifandabru þar sem hún hafði farið í ána og eldri girðing yfirfarin. Seinni part sumars var ýtt upp varnargarði innan við Einbúa, en sá garður er ekki grjótvarinn og er það bráðabirgða lagfæring á meðan svo er.

Um vorið byrjaði ég á að laga veg við ræsið í Keldudalslæknum. Girðingin var löguð frá Keldudalsgili að Lambárgili að ofanverðu, en frestað að setja upp nýja

girðingu með ánni að neðanverðu. Fenginn var verktaki til að veita Hafursá frá brekkunni fyrir verslunarmannahelgi og heflaði hann einnig vegslóðann, en sú framkvæmd entist ekki í viku.

Í desember hóf svo Suðurverk uppbyggingu á varnargarði frá Holti að Keldudal fyrir Harald í Álftagróf og lét Skógræktarfélagið svo halda áfram með þann garð inn með brekkunni. Einnig var garðurinn inn í Króki lagfærður, stefnunni á honum breytt og var hann vel grjótvarinn. Frágangur er eftir við vegslóða þegar fer að vora.

Félag landnema á Fellsmörk er með í landgræðsluskógaverkefninu og hittast félagsmenn árlega um miðjan júní til að gróðursetja í sameiginleg svæði og að kvöldi er haldin grillveisla. Um sumarið var búið að blása til gróðursetningardags laugardaginn 18. júní. Því miður varð að hætta við, þar sem trjáplönturnar voru ekki tilbúnar og voru þær að berast í skömmtum fram í byrjun júlí. Samtals var plöntuskammturinn 10.091 bakkaplöntur, þar af 7.035 birkiplöntur, 1.200 sitkagreniplöntur og svo jafn fjöldi af evrópulerki, alaskavíði, jörfavíði og gulvíði. Einnig var borið á ný og eldri svæði 240 kg af áburði. Nokkrir landnemar plöntuðu í sameiginleg svæði auk þess sem flestir plöntuðu í sínar spildur. Því miður hefur ekki verið aðstaða til að geyma bakkaplöntur á svæðinu og því nauðsynlegt að koma þeim í jörðina þrátt fyrir að afföll geti verið mikil yfir hásumarið vegna þurrka – því það rignir nefnilega ekki alltaf í Mýrdalnum.

---

## **Atvinnuátak**

### **Hópar um sumarið í Esju og Heiðmörk**

Félagið fékk til liðs við sig stóran hóp af ungu fólki um sumarið. Í Esju var unnið að stígagerð og gróðursetningum. Í Heiðmörk voru svipuð verkefni í gangi, einnig lagfæring landnemaskilta og gerð skíðagöngubrautar og var unnið bæði í Reykjavíkurlutanum og Garðabæjarhlutanum, þe. í Vífilsstaðahlíð.

### **Hópur um haust og fram á vetur**

Hópur manna hóf störf í Heiðmörk um haustið og fram á vetur. Þeir komu að öllum almennum störfum; grisjun, eldiviðarframleiðslu, viðhaldi og margskonar vinnu á jólavertíðinni.



---

## Fræðslu- og kynningarmál

Fræðsla og kynning á vegum félagsins fór að mestu leyti fram á Vormarkaðnum, sem haldinn var í maí.

- 13.4. Framandi, ágengar tegundir –svört og græn náttúruvernd. Fyrirlestur Aðalsteins Sigurgeirssonar á aðalfundi félagsins.
- 13.5.-15. 5. Sýning og sýnikennsla Félags trérennismiða á Vormarkaðnum Elliðavatni.
- 13.5. -15.5. Fluguhnýtingar, kastkennsla og kastkeppni. Einar Guðnason.
- 14.5. Eldsmiður að störfum. Bjarni Þór Kristjánsson.
- 14.5. Kynning á stafgöngu á vegum ÍSÍ.
- 14.5.-15.5. Kynning á starfsemi Fuglaverndar og fuglaskoðun á bökkum Elliðavatns.

Viðburðirnir voru rækilega auglýstir í blöðum, útvarpi, á fésbókinni og heimasíðu félagsins, þar sem fréttir og myndir birtust reglulega. Þar að auki voru þeir kynntir í Skógartíðindum sem komu út í nóvember.

Auk þessa var Kristbjörg Kristmundsdóttir með jóga- og blómadropanámskeið sín, eins og undanfarin ár og í júní var haldið nokkurra vikna fluguveiðinámskeið fyrir unglunga í Gamla salnum. Umsjón með námskeiðunum hafði Einar Guðnason.

Í Rjóðrinu skammt frá bænum á Elliðavatni er útikennslustofa með eldstæði og bekkjum í kring. Rjóðrið var mikið sótt af nemendum í skólum borgarinnar og einnig til námskeiðahalds á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur. Einnig til upplestrar og skemmtunar á Jólamarkaðnum.

„Tré fyrir tré“ verkefnið hélt áfram. Gámaþjónustan sótti jólatré til borgarbúa eftir hátíðarnar gegn gjaldi. Trén voru kurluð og notuð sem uppistaða í moltugerð, en hluti af gjaldinu rennur til Skógræktarfélagins.



---

## Náttúruskóli Reykjavíkur

**Greinargerð Helenu Óladóttur, verkefnisstjóra Náttúruskólans.**

Líkt og fyrri ár lágu leiðir Náttúruskóla Reykjavíkur og Skógræktarfélags Reykjavíkur saman í Heiðmörk.

Náttúruskólinn hefur um árabíl haft milligöngu um að skólar á höfuðborgarsvæðinu nýti sér aðstöðu til útináms í Rjóðrinu við Elliðavatnsbæinn. Þar fer mest fyrir heimilisfræðikennslu eins af grunnskólum borgarinnar en fjórða árið í röð koma nemendur hans í Rjóðrið til að matbúa kræsingar.

Nýting Rjóðursins hefur verið allmikil síðustu ár og var eldstæðið farið að láta á sjá. Í sumar var því ráðist í að lagfæra eldstæðið. Bæði var það stækkað, hækkað og ný mól sett í botn þess. Einnig var gerður stallur norðan við bekkina umhverfis eldstæðið þar sem nú má leggja frá sér áhöld og matvæli eða önnur gögn sem verið er að notast við í Rjóðrinu. Er þessi lagfæring öll til mikilla bóta.

Á árinu var einnig rætt um hvort þörf væri á að grisja skóginn umhverfis Rjóðrið enda hafa trén hækkað síðustu ár og lægsti hluti hans gisnað. Mikilvægt er að rjúfa ekki skörð í skóginn við grisjun til að spilla ekki þeim góðu aðstæðum til að dvelja í Rjóðrinu umhverfis eldinn allan ársins hring. Þá gæti verið möguleiki að gróðursetja nýjar plöntur umhverfis skóginn til að þetta ytra byrði hans smám saman um leið og skógurinn innst gisnar.

Grunnskólanemendur eru ekki einu gestir Náttúruskóla Reykjavíkur sem sækja Heiðmörk heim. Kennarar sækja í Heiðmörk námskeið sem Náttúruskólinn stendur fyrir og sömuleiðis hefur Náttúruskólinn átt þess kost að taka á móti erlendum

gestum á svæðinu. Ávallt vekur hin fjölbreytta náttúra umhverfis Elliðavatnsbæinn athygli og þeir fjölbreyttu möguleikar til kennslu sem svæðið býður upp á. Heiðmörk er sannarlega perla á höfuðborgarsvæðinu fyrir þá sem unna náttúru og umhverfi og vilja nýta hana til margvíslegrar fræðslu barna og fullorðinna.

---

## Samstarfs- og styrktaraðilar

Avanika –Kristbjörg ehf.  
Esjustofa  
Félag landnema á Fellsmörk  
Félag trérennismiða  
Garðabær  
Háskóli Íslands  
Hjólreiðafélag Reykjavíkur  
Íslenski Hesturinn ehf.  
Landbúnaðarháskóli Íslands  
Landgræðsluskógar  
Landgræðslusjóður  
Landsvirkjun  
Minningarsjóður Páls Gunnarssonar  
Náttúrurannsóknastöðin á Mývatni  
Náttúruskóli Reykjavíkur  
Orkuveita Reykjavíkur  
Pokasjóður  
Reykjavíkurborg  
Skógrækt ríkisins  
Skógræktarfélag Íslands  
Toyota  
Vinnumálastofnun  
Vinnuskóli Reykjavíkur  
Yrkja

---

## Skýrsla stjórnar á aðalfundi

Ágætu félagsmenn og aðrir góðir gestir.

„Hvílíkir eru þessir tímar, þegar gengur næst glæpi að tala um tré...“ Íðulega hafa mér að undanförmu dottið í hug þessar línur úr kvæði Bertolt Brecht, þegar ég hef rennt augum yfir fréttir eða lagt mig eftir umræðu um skógræktarmál og náttúruvernd. Borgarstjórnin í Reykjavík vill efla her gegn þeim fáu öspum sem gróðursettar hafa verið við götur borgarinnar og nefnd umhverfisstjórnar leggur til að senda megi fógeta inná sumarreit minn og margra fleiri, sem álpuðust til að gróðursetja þar „óæskilegar“ plöntur og tré í þeirri staðföstu trú að verið væri að fegra, bæta og auðga íslenska náttúru. Nú er mér, og þeim sem kunna að vera í sama báti og ég, borið á brýn að hafa að öllum líkindum borið meinshugi til íslenskrar náttúru. Það má því segja um aula eins og mig; það sem helst hann varast vann, varð að koma yfir hann.

Að sjálfsögðu veldur það tilfinningaróti þegar kynnt eru frumvarpsdrög sem virðast hafa það að markmiði að hreinsa á róttækan hátt til í þeirri flóru sem nú þrífst á Íslandi og útrýma gróðri sem löngu er orðinn hagvanur hérlendis og landsmenn tekið ástfóstri við. Þegar nefnd valinkunnra vísinda- og fræðimanna leggur fram svo djúptækar tillögur, hlýtur það að vekja upp hörð viðbrögð.

Þar með er ekki sagt að ekki kunni að vera þörf á að rannsaka vandlega og bregðast við útbreiðslu ágengra, framandi plantna, sem valda kunna mikilli gróðurroökun hér á landi. Hvergi hef ég þó séð lista yfir slíkar plöntur, þannig að ég geti áttað mig betur á vandanum.

Á meðan ríkir áreitin óvissa.

Í litlum brothættum samfélögum hefur það til þessa talið gefast vel, að hafa samráð við þá sem hlut eiga að máli, þegar gera á viðamiklar breytingar á sviðum sem skipta marga miklu.

Það var því miður ekki gert í þetta sinn, þegar tillögur voru gerðar að breytingum á náttúruverndarlögum. Við fengum þó að senda inn athugasemdir. Skógræktarfélag Reykjavíkur bauð umhverfisstjórnuneytinu uppá umræðufund í janúar s.l. til að ræða opinskátt um þessar tillögur. Það þótti ekki tímabært þá.

Við buðum ráðherranum aftur að koma á þennan aðalfund til að ræða þessi mál við okkur, en það þótti heldur ekki tímabært. En við vildum fá umræður um vandann, sem talinn er stöðja að íslenskri náttúru og fá að leggja orð í belg. Það fáum við ekki. Gera verður ráð fyrir því að lagafrumvarp verði lagt fram án frekara samráðs við skógræktarfolk, þar sem gera má ráð fyrir að kvaðir verði lagðar á störf þess. Það er miður, því við viljum gjarnan ræða þessi mál opinskátt og velta þar við öllum steinum, því þetta snertir allan almenning ekki síður en sérfræðinga.

Þessi mótbyr fríar skógræktarfolk ekki frá þeirri skyldu, að horfa í eigin barm. Við verðum að umgangast landið af mikilli varfærni og nærgætni. Þess hefur gætt að skógræktarfolk hefur látið eyða votlendi til að auðvelda skógrækt. Það er neikvæð náttúruvernd og á ekki að eiga sér stað. Enn í dag verðlaunar ríkið bændur með fúlgum fjár fyrir náttúruspjöll í formi framræslu á mýrum um leið og það þykist vernda votlendi með hinni hendinni.

Votlendi er ein mikilvægasta náttúruauðlind landsins, sem við verðum að taka þátt í að vernda. Þetta er lífseigasta gróðursvæðið og bindiefni gljúps jarðvegs. Plöntur og jurtir sem við notum við gróðursetningu eða við jarðvegsbætur eiga að auðga, ekki einhæfa.



Á síðasta aðalfundi okkar var samþykkt ályktun um að vinna að því að gera Heiðmörk að formlegu verndar- og útivistarsvæði, annað hvort með sérstökum lögum eða sem fólkvang. Við höfum kynnt landeigendunum þremur sjónarmið okkar og rætt leiðir að þessu marki. Undirtektir hafa ekki verið slæmar, en engin niðurstaða liggur enn fyrir. Mikilvægi málsins hefur þó síst minnkað, því með vaxandi fjárhagsvanda Orkuveitu Reykjavíkur, sem er þriðjungs eigandi að Heiðmörk, vex þörfin á því að Heiðmörkinni verði mörkuð varanleg stjórnskipuleg staða, óháð fjárþörf landeiganda eða duttlungum fasteignamarkaðsins hverju sinni. Það er í reynd með ólíkindum að ekki hafi verið gengið frá stjórnskipulegri stöðu Heiðmerkur fyrir löngu, því á meðan er óvissan um framtíð hennar til staðar.

Samkomulag borgarinnar og Skógræktarfélagsins um rekstur Heiðmerkur hefur verið í uppnámi lengi. Við höfum greitt með rekstri Heiðmerkur úr eigin sjóðum til fjölda ára. Síðan ég tók við formennsku í félaginu hef ég reynt að ná sanngjarnri niðurstöðu um málið við sex borgarstjóra úr ýmsum flokkum. Öllum hefur þeim verið það sameiginlegt að taka vel í málið, en enginn hefur sýnt af sér það rögg að höggva á hnútinn og semja. Það virðist ekki vera styrkur Íslendinga að geta samið um þessar mundir.

Nú blasir það við nýrri stjórn að ákveða með hvaða hætti starfi okkar í Heiðmörk verður fram haldið. Það getur varla komið neinum á óvart, þótt við takmörkum þjónustu þar við það fjárframlag sem landeigendur leggja að mörkum. Ef þeir hætta að borga – þá er umsýslu okkar í Heiðmörk sjálfhætt. Skyldu borgaryfirvöld vilja loka Heiðmörk um nætur eða láta greiða fyrir komur þangað?

Kannski þetta áhugaleysi borgaryfirvalda endurspeglir eitthvert sinnuleysi borgarbúa sjálfra fyrir velferð Heiðmerkur? Hún er ef til vill svo sjálfsögð í þeirra augum, að óþarfi kann að virðast að gefa henni gaum eða hafa af henni áhyggjur. Það er rangt mat.

Heimsóknartölur þangað bera þess vitni að fjöldinn fer þangað. Við bíðum spennt eftir að rannsóknin á verðmæti Heiðmerkur sjái dagsins ljós. Við munum vissulega nýta okkur þær upplýsingar sem þar koma fram.

Við eigum annars konar Heiðmörk austur undir Klofningum undan Mýrdalsjökli, sem gefið var nafnið Fellsmörk. Þetta er land fjögurra býla sem ríkið tók eignarnámi á níunda áratugi síðustu aldar, til að geta haft betri stjórn á tveimur fljótum, sem afmarka mörkina - Klifanda að vestan en Hafursá að sunnan og austan. Til að bægja fljótunum frá þjóðveginum um Suðurland var þeim beint á köflum uppí landið, þar sem þau hafa farið hamförum, brotið land og eytt vegum.

Skógræktarfélagið gerði samkomulag við ríkið árið 1988 til fimmtíu ára, um að það fengi landið til leigu, með heimild til að endurleigja spildur til landnema. Á ýmsu hefur gengið með umsýslu og uppbyggingu þarna. Þar skipta akfærir vegir megin máli, auk áhuga landnemanna sjálfra. Nú er ástandið þannig að vegir eru í miklum ólestri eftir mikil flóð og erfitt eða ógerlegt fyrir suma landnema að komast til landspildna sinna. Við það geta þeir ekki unað til lengdar.

Til að koma þessu í lag þarf að finna varanlegt vegstæði og leggja nýja vegi, sem kosta munu mikla fjármuni. Skógræktarfélagið sem leiguliði hefur farið fram á að landeigandinn ríkið eða undirstofnanir þess komi að þessu verki, því akfærir vegir voru þarna þegar upphaflegur samningur var gerður. Ríkið hefur því að okkar mati skyldum að gegna þarna. Allar umleitanir um aðkomu þess hafa þó verið árangurslausar og öllum vandanum ýtt til okkar.

Við höfum boðist til að kaupa landið af ríkinu, til að koma álitamálum á hreint og með því, létta undir með því, enda er núverandi fyrirkomulag óframkvæmanlegt og í andstöðu við nýleg lög um frístundabyggingar. Árangur alls þessa er enginn.

Landbúnaðarráðherra vill greinilega halda þeim möguleika opnum að búskapur verði hafinn að nýju á grýttum brekkunum undir Klofningum, á jörðunum sem ríkið tók eignarnámi og lagði undirlendi þeirra undir beljandi jökulfljót. Það væri eftir öðru.

En ríkið á þetta og auðveldasta leið ráðherra er að standa á sínu og segja nei. Það reynir greinilega á þolrifin hjá okkur Íslendingum að semja. Já- hvílíkir eru þessir tímar...

Á síðasta ári tókst loks að klára að fullnusta samning okkur við Reykjavíkurborg frá árinu 2000 um kaup borgarinnar á Fossvogsstöðinni. Við fengum nú úthlutað liðlega 3.000 fermetra lóð við Suðurlandsbraut, sem við getum nýtt eða selt. Var það mikið fagnaðarefni.

Þá gekk Hæstaréttardómur í máli okkar gegn Kópavogsbæ okkur í vil. Niðurstaða hans gæti orðið fordæmisgefandi fyrir önnur skógræktarfélag, en okkur var dæmdur fullur og ótakmarkaður nýtingarréttur á trjánum og afurðum þeirra svo og skaðabætur að mati dómkvaddra manna.

Þetta var ekki eignarréttarmál um trjágróðurinn sem slíkan. Það er enn óútkljáð og verður ekki útkljáð nema milli landeigenda og Skógræktarfélagsins. Ég hallast að því að tímabært sé að fá úr því skorið, hver sé formlegur eigandi trjána í Heiðmörk. Kannski kemur að því fyrir en seinna. Það veldur alltaf óvissu og óþarfa árekstrum ef tveir telja sig eiga sama hlutinn.

Já – góðir félagsmenn, það getur gengið næst glæp að tala um tré.

Það hefur reynst afar þungt undir fæti að ná eyrum landeigenda, hvort heldur í Heiðmörk eða Fellsmörk. Þá hefur Orkuveitan þrengt kosti okkar með því að segja okkur upp þjónustusamningi um vörslu eigna hennar í Heiðmörk, en hluti samningsins er um not okkar af Elliðavatnsbænum, sem við höfum haft til afnota frá 1963. Orkuveita mun ætla sér að selja bæjarhúsin á lögbýlinu Elliðavatni. Þeir virðast gleyma því að Skógræktarfélagið hefur lagt til bæjarins fé í gegnum árin og á því hlut í húsunum.

Ef bæjarhúsin verða seld utanaðkomandi aðila, þá er Heiðmörkin ekki lengur óskorað friðland reykvíssks almennings, heldur verður stofnað á Elliðavatni leiksvæði einkaaðila innan Heiðmerkurlandsins.

Það ber okkur með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir. Heiðmörk, eða hlutar hennar, mega aldrei lenda í höndum einkaaðila!

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka Kristjönu Bergsdóttur fyrir störf í þágu félagsins, en hún hverfur nú úr stjórn eftir margra ára farsælt starf þar. Hún hefur ætíð verið einörð í skógræktaráhuga sínum og lagt margt gagnlegt til mála í stjórn. Vandlega höfum við hlustað á orðræður hennar í stjórn félagsins. Við óskum henni alls góðs. Við munum sakna hennar.

Ég vil óska öllu reykvísku skógræktarfolki og félögum í Skógræktarfélagi Reykjavíkur góðrar veðráttu í vor og sumar og farsæls skógræktarstarfs.

Starfsfólki félagsins með framkvæmdastjórnann Helga Gíslason í broddi fylkingar, þakka ég vel unnin störf oft við erfiðar aðstæður.

Félögum mínum í stjórn þakka ég einnig farsælt samstarf.

Þakka gott hljóð.

**Pröstur Ólafsson, formaður stjórnar.**



Skógræktarfélag Reykjavíkur þakkar ánægjulegt samstarf og stuðning borgarbúa undanfarna áratugi